

Svar

**dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá
Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur
um fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd
sem hafa stöðu flóttamanns í öðru ríki.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir einstaklingar hafa sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi síðustu tíu ár, eftir að hafa áður verið veitt slík vernd í öðru ríki? Svarið óskast sundurliðað eftir árum og mánuðum og ríkjum þar sem viðkomandi hafði áður verið veitt vernd.

Upplýsingar um vernd umsækjenda í öðru ríki voru ekki skráðar hjá Útlendingastofnun með samfelldum hætti fyrr en árið 2018. Umbeðin gögn ná því ekki lengra aftur en það.

Í eftirfarandi töflum er að finna nákvæm svör við fyrirspurn þingmannsins. Í stuttu máli eru aðalatriðin þau að umsóknir um vernd frá þeim sem þegar njóta verndar urðu flestar 341 árið 2020 sem var rétt um helmingur allra umsókna það árið. Árið 2021 voru slíkar umsóknir rúmur fimmtungur allra umsókna, um 187 talsins. Yfirgnæfandi meiri hluti þessara umsækjenda njóta þegar verndar í Grikklandi eða 177 af 187, átta á Ítalíu og einn frá hvoru ríki, Kýpur og Frakklandi.

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|------|------|------|------|
| Heildarfjöldi umsækjenda um vernd | 800 | 867 | 654 | 871 |
| Heildarfjöldi umsækjenda um vernd með vernd í öðru ríki | 131 | 207 | 341 | 187 |
| Hlutfall umsækjenda um vernd með vernd í öðru ríki | 16% | 24% | 52% | 21% |

Umsækjendur um vernd, með vernd í öðru ríki, eftir mánuði umsóknar.

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|----------|------|------|------|------|
| janúar | 4 | 13 | 15 | 28 |
| febrúar | 2 | 27 | 17 | 9 |
| mars | 8 | 19 | 10 | 20 |
| apríl | 4 | 10 | 2 | 14 |
| maí | 5 | 7 | | 8 |
| júní | 11 | 13 | 10 | 26 |
| júlí | 9 | 23 | 84 | 13 |
| ágúst | 16 | 13 | 40 | 16 |
| sepember | 22 | 33 | 52 | 6 |
| október | 15 | 16 | 67 | 9 |
| nóvember | 19 | 14 | 15 | 30 |
| desember | 16 | 19 | 29 | 9 |

**Umsækjendur um vernd, með vernd í öðru ríki,
eftir ríkjum sem veittu verndina.**

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|--------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Grikkland | 58 | 148 | 264 | 177 |
| Ungverjaland | 22 | 12 | 55 | |
| Ítalía | 33 | 27 | 11 | 8 |
| Malta | 9 | 11 | 4 | |
| Þýskaland | 5 | 2 | 1 | 1 |
| Frakkland | 1 | 5 | | |
| Austurríki | | | 3 | |
| Svíþjóð | 2 | | | |
| Rúmenía | | | 2 | 1 |
| Kýpur | | | 1 | 1 |
| Búlgaríá | | 1 | | |
| Sviss | 1 | | | |
| Finnland | | 1 | | |